

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 18. febrúar 2022.

Mál nr. 630/2020:

Vátryggingafélag Íslands hf. og

A

(Heiðar Örn Stefánsson lögmaður)

gegn

B

(Óðinn Elísson lögmaður,

Erling Daði Emilsson lögmaður, 3. prófmál)

Lykilorð

Umferðarslys. Skaðabætur. Uppgjör. Líkamstjón. Varanleg örorka. Varanlegur miski. Matsgerð. Vátrygging. Fyrning. Vextir. Gjafsókn.

Útdráttur

B slasaðist í umferðarslysi árið 2009 og var tjón hans gert upp árið 2011 við V hf., vátryggingafélag A, eiganda bifreiðarinnar sem slysinu olli „með fyrirvara um varanlegar afleiðingar slyssins“. Árið 2019 höfðaði B mál gegn V hf. og A til greiðslu frekari bóta úr ábyrgðartryggingu hjá V hf. vegna versnandi heilsu hans. Í hinum áfrýjaða dómi, sem Landsréttur staðfesti með vísan til forsendna, var komist að þeirri niðurstöðu að af matsgerðum sem B aflaði árin 2017 og 2018 og gögnum málsins að öðru leyti leiddi að þær breytingar sem urðu á heilsufari B frá því að mat á heilsu hans lá fyrir árið 2011, hafi verið ófyrirsjáanlegar og væru orsök umferðarslyssins. Að mati héraðsdóms leiddi af hinum samningsbundna fyrirvara að B þyrfti ekki að sæta því að endurupptaka bótaákvörðunar væri háð því að ófyrirsjáanlegar breytingar leiddu til þess að miska- eða örorkustig yrði verulega hærra en áður var talið. B hafi því átt rétt á því að fá ákvörðun um bætur tekna upp að nýju. Talið var að fyrningarfrestur fjárkröfu B hafi byrjað að líða við lok ársins 2017 en það ár hafi B fengið staðfestingu þess að varanlegar afleiðingar slyssins fyrir hann væru meiri en áður var talið. Krafa hans var því talin ófyrnd er málið var höfðað. Að þessu gættu var fallist á kröfu B.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir og Þorvaldur Ingvarsson bæklunarskurðlæknir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 9. nóvember 2020. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 13. október 2020 í málinu nr. E-[...]/2019.

- 2 Áfrýjendur krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda en til vara að kröfur hans verði lækkaðar til muna. Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Niðurstaða

- 4 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur, þar með talin ákvæði hans um málskostnað og gjafsóknarkostnað.
- 5 Með bréfi innanríkisráðuneytisins 3. apríl 2017 var stefnda veitt gjafsókn í málinu sem takmörkuð var við rekstur þess fyrir héraðsdómi. Með vísan til 5. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála nær gjafsóknin einnig til málskostnaðar stefnda fyrir Landsrétti.
- 6 Eftir úrslitum málsins verður áfrýjendum gert að greiða málskostnað fyrir Landsrétti sem rennur í ríkissjóð. Um þann kostnað og gjafsóknarkostnað stefnda fer eftir því sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Vátryggingafélag Íslands hf. og A, greiði óskipt 800.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnda, B, fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Óðins Elíssonar lögmanns, 800.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. október 2020

1. Mál þetta var höfðað 2. desember 2019. Stefnandi er B, [...]. Stefnu eru Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3 í Reykjavík og A, [...]. Aðalmeðferð málsins fór fram 22. september 2020 og var málið dómtekið að henni lokinni.
2. Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmd til að greiða honum 2.314.880 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 320.985 krónum frá [...] 2009 til [...] 2010, en af 2.314.880 krónum frá þeim degi til 9. desember 2017 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, alls 4.294.969 króna eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefnu gera aðallega þá dómkröfu að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar. Í báðum tilvikum gera stefndu kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda, að mati dómsins.

3. Í málinu er deilt um rétt stefnanda til frekari bóta eða endurupptöku eftir fullnaðaruppgjör skaðabóta vegna umferðarslyss. Deilt er um túlkun og merkingu fyrirvara sem stefnandi gerði við fullnaðaruppgjör skaðabóta. Þá er einnig deilt um hvort krafa stefnanda sé fyrnd eða hvort stefndu hafi sökum tómlætis glatað rétti til að bera fyrir sig fyrningu í málinu. Þá er deilt um það hvort skilyrði 11. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt og hvort stefnandi hafi sannað að skilyrði þess almenna fyrirvara sem gerður var fyrir hans hönd við fullnaðaruppgjör skaðabóta hafi verið uppfyllt. Sérstaklega hvort versnun á heilsu stefnanda lúti að áverkum sem eigi rætur að rekja til slyssins árið 2009 og hvort sýnt hafi verið fram á að versnunin hafi verið ófyrirsjáanleg breyting á ástandi hans eða þróun sem gert var ráð fyrir eða gera hefði mátt ráð fyrir í þeirri matsgerð sem uppgjör byggir á.
4. Stefnandi slasaðist í umferðarslysi [...] 2009 og var greindur með tognun á háls hrygg. Vegna áframhaldandi einkenna leitaði hann til heimilislæknis 21. desember 2009 vegna verkja og stífleika í hálsi og baki. Í vottorði heimilislæknis hans segir að greiningar eftir umferðarslysið séu: *„Tognun á háls hrygg og brjósthrygg og auk þess grunur um vægt samfallsbrot á 8. hryggjarlið brjósthryggjar. Þá hefur hann fengið aukna verki í lendhrygginn eftir slysið og auk þess af og til verkjaleiðni niður í hægri fótlegginn.“* Stefnandi og váttryggingarfélag eiganda bifreiðarinnar [...], sem slysinu olli, stefndi Váttryggingafélag Íslands hf., óskuðu eftir því að C bæklunarskurðlæknir og D lögmaður legðu mat á afleiðingar umferðarslyssins samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með matsgerð, 14. mars 2011, komust matsmenn að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski stefnanda vegna slyssins væri 7 stig og varanleg örorka 10%. Tjónið var gert upp úr ábyrgðartryggingu ökutækisins [...] hjá stefnda, Váttryggingafélagi Íslands hf., 17. maí 2011 „með fyrirvara um varanlegar afleiðingar slyssins“. Eftir að framangreind matsgerð lá fyrir munu líkamleg einkenni stefnanda hafa haldið áfram að versna. Stefnandi varð á endanum óvinnufær til erfiðisvinnu og hefur verið á endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun.
5. Með tölvubréfi til stefnda, Váttryggingafélags Íslands hf., 10. ágúst 2016, fór stefnandi fram á sameiginlega endurupptöku málsins. Stefnandi hafnaði beiðni stefnanda. Þann 17. maí 2017 óskaði stefnandi eftir því að dómkvaddir yrðu tveir sérfróðir menn til þess að endurmeta afleiðingar slyssins og til starfans voru dómkvaddir þeir E, bæklunarskurðlæknir, og F, dósent og lögmaður. Í matsgerð 15. október 2017 komust matsmennirnir að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga vegna slyssins væri nú hæfilega metinn 10 stig og varanleg örorka samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga væri 15%. Stefnandi sendi stefnda, Váttryggingafélagi Íslands hf. bótakröfu 9. nóvember 2017 vegna þeirrar hækkunar sem metin hafði verið vegna slyssins, þ.e. 3 stiga miska og 5% varanlegrar örorku. Með tölvubréfi stefnda, Váttryggingafélags Íslands hf., 10. janúar 2018 var greiðsla bóta hafnað. Þar kom fram að stefndi teldi að sá fyrirvari sem stefnandi gerði við uppgjörið 17. maí 2011 yrði *„ekki skýrður svo að umbj. þinn hafi áskilið sér rétt til endurupptöku bótaákvörðunar vegna þess að matið, sem ákvörðunin var grundvölluð á, kynni að vera rangt.“* Með vísan til forsendna og niðurstöðu í dómi Hæstaréttar í máli nr. 576/2013 frá 20. febrúar 2014 taldi stefndi að skýra bæri fyrirvara stefnanda frá 17. maí 2011 á þá leið að stefnandi *„hafi áskilið sér rétt til frekari bóta ef varanlegur miski eða örorka yrði meiri en í fyrra mati vegna síðari breytinga.“*
6. Stefnandi taldi ljóst að bæði varanlegur miski hans og örorka væri meiri en í fyrra mati vegna síðari breytinga. Í ljósi afstöðu stefnda, Váttryggingafélags Íslands hf., til kröfu hans og skilnings stefnda á fyrirvara stefnanda við uppgjörið 17. maí 2011 taldi stefnandi nauðsyn að leggja fyrir áður nefnda dómkvadda matsmenn viðbótarspurningu. Stefnandi fór þess á leit með beiðni, 13. júní 2018 að dómkvaddir matsmenn gæfu skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi: *„Eru síðari breytingar á heilsufari matsbeiðanda orsök hærra mats á varanlegum miska og/eða varanlegri örorku en gengið var út frá í matsgerð C læknis og D lögmanns, dags. 14. mars 2011?“* Dómkvaddir matsmenn skiluðu matsgerð 5. desember 2018 og létu í ljós það álit að síðari breytingar á heilsufari stefnanda væru orsök hærra mats á

varanlegum miska og varanlegri örorku vegna slyssins [...] 2009 en gengið var út frá í matsgerð C læknis og D lögmans 14. mars 2011.

7. Með tölvubréfi 13. desember 2018 sendi stefnandi matsgerðina til stefnda Vátryggingafélag Íslands hf. og ítrekaði kröfuna frá 9. nóvember 2017. Í bréfi stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., 10. janúar 2018, þar sem hafnað var að greiða bætur vegna hækkaðs mats á varanlegum afleiðingum slyssins, tilkynnti félagið einnig að yrði ekki krafist meðferðar hjá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum eða málinu stefnt fyrir dómstóla innan árs frá dagsetningu bréfsins myndi stefnandi glata rétti til bóta, sbr. 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. Afréð stefnandi að krefjast meðferðar hjá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum með málskoti 9. janúar 2019 til að rjúfa fyrningu. Niðurstaða nefndarinnar varð að stefnandi ætti ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar [...] hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. þar sem að sá fyrirvari sem gerður var í málinu leiddi ekki til annarrar réttarstöðu en leiði af ákvæðum 11. gr. skaðabótalaga. Þá yrði ekki ráðið með óyggjandi hætti að um ófyrirsjáanlegar breytingar á heilsufari stefnanda hafi verið að ræða, „*enda virðist helst um að ræða versnun einkenna sem þegar voru til staðar við mat það sem bótauppgjör aðila grundvallaðist á.*“
8. Stefnandi vísar til þess að bótaskylda stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., sé óumdeild og ágreiningur málsins lúti einungis að því hvort stefnandi eigi rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins [...] samkvæmt niðurstöðum dómkvaddra matsmanna með vísan til fyrirvara sem gerður var við bótauppgjör 17. maí 2011. Stefnandi byggir á því að krafa hans sé ófyrnd og að stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf. hafi í fyrsta sinn hreyft því að krafa stefnanda væri niður fallin sökum fyrningar í bréfi til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, 21. febrúar 2019. Stefnandi telur að þessi málsástæða stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. sé of seint fram komin og mótmælir henni sem slíkri. Stefnandi vísar til þess að frá því að hann fór fram á endurupptöku málsins með tölvupósti 10. ágúst 2016 hafi stefndi sent frá sér þrjú bréf án þess að minnst á fyrningu og að málið hafi tvisvar sinnum verið tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur án athugasemda um fyrningu af hálfu stefnda. Þá hafi einnig verið haldnir tveir matsfundir þar sem stefnda hafi gefist kostur á að koma sínum athugasemdum að. Með hliðsjón af 5. mgr. 101. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem og þágildandi 2. mgr. 9. gr. (nú 12. gr. b) og 31. gr. vátryggingarsamningalaga og almennra tómlætisreglna telur stefnandi með vísan til þessa ljóst að stefndi hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig fyrningu.
9. Þá telur stefnandi að ekki séu efnislega forsendur til að komast að þeirri niðurstöðu að krafa hans sé fyrnd. Stefnandi áréttar að hann hafi sent matsgerð dómkvaddra matsmanna og kröfu byggða á matsgerðinni til stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf. 9. nóvember 2017. Í kjölfarið hafi stefndi sent höfnunarbréf 10. janúar 2018 og þá ekki byggt á fyrningu. Hins vegar hafi komið fram í bréfinu að: „*Ákvörðun félagsins má skjóta til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum samkvæmt þeim reglum sem um nefndina gilda. Verði ekki krafist meðferðar hjá Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum eða málinu stefnt fyrir dómstóla innan árs frá því að þessi tilkynning er móttakin glatar vátryggður rétti til bóta, sbr. 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga.*“ Stefnandi vísar í þessu sambandi til reglu 52. gr. vátryggingasamningalaga um fyrningu: „*Krafa um bætur fyrnist á fjórum árum. Fresturinn hefist við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð. Hafi félagið sent vátryggðum tilkynningu sem greinir í 2. mgr. 51. gr. fyrnist krafan fyrst þegar sá frestur líður sem þar er tilgreindur.*“ Í ljósi þess að stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., hafi sent til stefnanda tilkynningu í samræmi við 2. mgr. 51. gr., sbr. 4. mgr. 52. gr. vátryggingasamningalaga fyrnist krafa stefnanda fyrst þegar sá frestur líði sem þar er tilgreindur, þ.e. einu ári eftir að hann fékk tilkynningu 10. janúar 2018 um að kröfu hans væri hafnað. Stefnandi hafi hins vegar rofið fyrningu með málskoti til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum innan árs samkvæmt 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr.

vátryggingasamningalaga og því ljóst að krafa hans hafi ekki fallið niður sökum fyrningar. Stefnandi vísar til þess að sönnunarbyrði um fyrningu hvíli á stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf. og að slík sönnun hafi ekki tekist í þessu máli. Þá bendir stefnandi á að stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hafi með yfirlýsingum sem liggja fyrir í málinu fallist á að bera ekki fyrir sig fyrningu um áramót 2016/2017, áramót 2017/2018 og áramót 2018/2019. Stefndi þurfi því að sýna fram á að krafa stefnanda hafi fyrnst áramótin 2015/2016 og að fyrningarfrestur hafi byrjað að líða á árinu 2011 eða fyrr. Stefnandi telur að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að hann hafi á árinu 2011 eða fyrr fengið vitneskju um breytt ástand sitt og þá síðari breytingu, sem dómkvaddir matsmenn töldu fram komna frá fyrra mati. Raunar telur stefnandi að vitneskja um versnun á heilsu hans hafi komið til í fyrsta lagi á árinu 2015 og vísar um þetta til fyrirbyggjandi læknisvottorðs og matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna.

10. Stefnandi vísar til þess að uppgjör vegna líkamstjóns hans 17. maí 2011 hafi af hans hálfu verið gert með lögmætum fyrirvara um varanlegar afleiðingar slyssins. Eftir uppgjörið hafi ástand hans vegna afleiðinga slyssins farið að versna og hann að lokum talið ljóst að varanlegur miski og varanleg örorka væru vanmetin í undirmatsgerð vegna síðari breytinga eða versunar á afleiðingum slyssins sem voru ófyrirséðar er fyrra matið fór fram. Stefnandi vísar til þess að dómkvaddir matsmenn telji varanlegan miski hans vera 10 stig og varanlega örorku 15%. Undirmatsmenn töldu varanlegan miski stefnanda hins vegar vera 7 stig og varanlega örorku 10%. Í viðbótarmatsgerð hafi dómkvaddir matsmenn komist að þeirri niðurstöðu „að síðari breytingar á heilsufari séu orsök hærra mats á varanlegum miski og varanlegri örorku en gengið var út frá í matsgerð C lækni og D lögmanns 14. mars 2011“. Stefnandi vísar til þess að í matsgerðinni komi fram það álit matsmanna „að áverki sá sem [stefnandi] hlaut í slysinu þann [...] 2009 hafi hægt og sígandi farið versnandi. Ekki er öðrum slysum né sjúkdómum til að dreifa og til eru samfelldar samtíma heimildir um hægt versnandi ástand hans með tímanum.“ Þá segi einnig í matsgerðinni að matsmenn telji að „versnun á ástandi hans hafi ekki verið fyrirséð í matsgerð C lækni og D lögmanns, 14. mars 2011.“
11. Stefnandi bendir á að í bréfi 10. janúar 2018 hafi stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., gefið út þá yfirlýsingu að skýra ætti þann fyrirvara sem gerður var við bótauppgjörið 17. maí 2011 á þá leið að stefnandi „hafi áskilið sér rétt til frekari bóta ef varanlegur miski eða örorka yrði meiri en í fyrra mati vegna síðari breytinga.“ Stefnandi byggir á því að stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., sé bundinn af yfirlýsingu sinni um að stefnandi hafi áskilið sér og eigi þar af leiðandi rétt til frekari bóta ef varanlegur miski eða örorka yrði meiri en í fyrra mati vegna síðari breytinga. Skýr og ótvíræður fyrirvari um varanlegar afleiðingar slyssins hafi verið gerður við bótauppgjörið 2011 og stefnandi áskilið sér með fyrirvaranum rétt til frekari bóta en þá voru inntar af hendi ef varanlegur miski eða örorka yrði meiri en í fyrra mati vegna síðari breytinga. Almenn skilyrði fjármunaréttar, kröfu- og samningaréttar séu því fyrir því að bótaákvörðun hins stefnda tryggingafélags verði endurupptekin.
12. Þá byggir stefnandi á því að stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., hafi ekki hnekkst niðurstöðum dómkvaddra matsmanna, um að varanlegur miski og varanleg örorka sé hærri en upphaflega var gert ráð fyrir vegna síðari breytinga, með yfirmati. Að mati stefnanda er því ljóst að niðurstaða dómkvaddra matsmanna standi. Stefnandi telur að sú niðurstaða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum að sá fyrirvari sem gerður var í máli þessu leiði ekki til annarrar réttarstöðu en leiði af ákvæðum 11. gr. skaðabotalaga standist ekki. Stefnandi hafnar alfarið þessari niðurstöðu og túlkun nefndarinnar og telur hana fara í bága við skýr dómafordæmi. Þá fari hún einnig í bága við skilning og yfirlýsingar aðila þessa máls um hvernig eigi að skýra fyrirvarann sem gerður var við uppgjörið 17. maí 2011. Nefndin hafi í raun farið út fyrir ágreining og yfirlýsingar aðila í málinu og því sé niðurstaða nefndarinnar um fyrirvarann ótæk með öllu og hafi ekkert vægi. Í ljósi alls framangreinds byggir stefnandi á því að hann eigi rétt til frekari bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins [...] samkvæmt bótakröfu sinni 9. nóvember 2017, fyrirvara við bótauppgjör 17. maí 2011 og niðurstöðum matsgerða dómkvaddra matsmanna, en verði ekki á það fallist er til vara byggt á því að skilyrðum 11. gr. skaðabotalaga um endurupptöku á bótaákvörðun sé fullnægt.

Samanburður á matsgerðum í málinu leiði í ljós ófyrirsjáanlegar breytingar og verulega versnun á heilsufari stefnanda, miska og örorku frá því að upphaflega matið fór fram.

13. Dómkröfur stefnanda vegna líkamstjónsins eru reiknaðar á grundvelli matsgerðar E bæklunarskurðlæknis og F dósents og lögmans. Gerð er krafa um bætur vegna hækkunar á miska- og örorkustigi sem matsmenn töldu hafa orðið vegna síðari breytinga á heilsu stefnanda og sem ekki var fyrirséð við fyrra matið. Sundurliðun dómkrafna er svofelld;

Varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga	10.699.500 * 3,00%	320.985 krónur
Varanleg örorka samkvæmt 5.-8. gr. skaðabótalaga	4.148.763 * 9,61200 * 5%	1.993.895 krónur
Samtals	2.314.880 krónur	

Bætur fyrir varanlegan miska eru reiknaðar á grundvelli 4. gr. skaðabótalaga, sbr. 15. gr. laganna. Bætur fyrir varanlega örorku eru reiknaðar á sama grundvelli og við uppgjörið 17. maí 2011 og byggt á tekjum stefnanda á árinu 2006 með vísan til 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, uppreiknuðum að stöðugleikapunkti að viðbættu 8% lífeyrissjóðsframlagi atvinnurekanda þar sem laun tjónþola árin 2007 og 2008 þóttu ekki gefa rétta mynd en hann rak eigið fyrirtæki og reiknaði sér lágmarkslaun á þessum árum, m.a. vegna efnahagshrunsins. Útreikningur kröfu tekur mið af margföldunarstuðli 6. gr. skaðabótalaga. Í málinu er jafnframt gerð krafa um greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga vegna miskabóta, að fjárhæð 320.985 króna, frá slysdagi [...] 2009 til [...], og að viðbættri kröfu vegna varanlegrar örorku, samtals að fjárhæð 2.314.880 króna, frá þeim degi til 9. desember 2017. Krafast er dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 9. desember 2017, en þá var mánuður liðinn frá því að bótakrafa var send til stefnda Vátryggingafélag Íslands hf., sbr. dskj. 26, til greiðsludags.

14. Stefndu vísa til þess að krafa stefnanda byggji á ákvæðum umferðarlaga og skaðabótalaga. Krafan sé skaðabótakrafa utan samninga og engin sérsjónarmið gildi um sönnun. Beri því stefnanda að sanna tilvist kröfu sinnar, umfang tjóns og að skilyrðum þess að bótaákvörðun verði endurupptekin sé fullnægt. Sýknukröfu sína byggja stefndu aðallega á að krafa stefnanda sé fyrnd en til vara á því að stefnandi hafi ekki sannað að skilyrði séu uppfyllt til að heimilt sé að endurupptaka bótaákvörðun eftir fullnaðaruppgjör. Þá byggja stefndu til þrautavara á að versnun á heilsufari stefnanda eigi ekki rætur að rekja til slyssins árið 2009 enda telja stefndu fyrirbyggjandi matsgerð þeirra E og F ekki nægjanlega afdráttarlaus hvað það varðar.
15. Stefndu vísa til þess að samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 fyrnist allar bótakröfur samkvæmt XIII. kafla laganna, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og vátryggingafélagi á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Stefndu byggja á að krafa stefnanda hafi fyrnst á grundvelli þessarar reglu um áramótin 2014/2015. Til vara er byggt á að krafa stefnanda hafi fyrnst um áramótin 2015/2016. Stefndu vísa til þess að af ítrekuðum dómafordæmum Hæstaréttar sé ljóst að þegar ekki hefur sérstaklega verið metið hvenær hafi verið tímabært að meta tjón teljist upphafsdagur fyrningarfrests samkvæmt 99. gr. umferðarlaga næstu áramót eftir að batahvörfum er náð að því gefnu að batahvörf séu ekki það nálægt áramótum að tjónþola hafi ekki gefist kostur til að gera ráðstafanir til að leita fullnustu kröfu sinnar fyrir þann tíma. Stefndu vísa til þess að í matsgerð C bæklunarskurðlæknis og D lögmans 14. mars 2011 hafi batahvörf verið metin sex mánuðum eftir slys [...] 2010. Upphafsdagur fyrningarfrests samkvæmt 99. gr. umferðarlaga sé því um áramótin 2010/2011 og hafi krafan fyrnst fjórum árum síðar eða um áramótin 2014/2015. Í

matsgerðinni hafi ekki verið lagt mat á hvenær tímabært hefði verið að meta tjón stefnanda en spurningu þar að lútandi svarað á þann veg að það hafi verið tímabært á þeim tíma sem matið var framkvæmt. Stefndu byggja í ljósi þessa aðallega á að tímabært hafi verið að meta afleiðingar tjónsins við metin batahvörf en til vara á að það hafi verið tímabært er matsfundur fór fram þann 10. desember 2010. Sé miðað við fyrra tímamarkið sé upphafsdagur fyrningarfrests samkvæmt 99. gr. umferðarlaga um áramótin 2010/2011 og krafan fyrnd fjórum árum síðar eða um áramótin 2014/2015. Sé miðað við síðara tímamarkið sé upphafsdagur fyrningarfrests áramótin 2011/2012 og krafan fyrnd fjórum árum síðar eða um áramótin 2015/2016. Stefndu telja að matsgerð E bæklunarskurðlæknis og F dósents og lögmanns hnekki framan- greindum niðurstöðum ekki enda séu batahvörf í henni metin á sama degi, þ.e. [...] 2010 og ekki lagt sérstakt mat á hvenær hafi verið tímabært að meta afleiðingar slyssins.

16. Stefndu mótmæla sérstaklega þeim málatilbúnaði stefnanda að krafan geti ekki verið fyrnd þar sem stefnandi hafi ekki fengið vitneskju um breytt ástand, versnun eða breytingar á árinu 2011 eða fyrr. Stefndu byggja útreikning kröfu sinnar um bætur vegna varanlegrar örorku sjálfur á að upphafsdagur metinnar örorku hafi verið á árinu 2010. Þá sé ekkert í málinu sem sanni eða geri líklegt að ekki hefði verið unnt að sjá þróun einkenna stefnanda fyrir fyrr en undir lok árs 2011. Í þessu sambandi benda stefndu sérstaklega á að hér sé ekki um ný óvænt og ófyrirsjáanleg einkenni að ræða heldur hægfara neikvæða þróun einkenna sem hafi verið til staðar strax eftir slys.
17. Stefndu mótmæla því einnig sérstaklega að regla 4. ml. 1. mgr. 52. gr. laga um váttryggingarsamninga leiði til þess krafan sé ekki fyrnd. Í fyrsta lagi eigi reglan ekki við í ábyrgðartryggingum enda sé kveðið á um það í 4. mgr. 44. gr. laganna að í slíkum tryggingum geti félag borið fyrir sig allar sömu mótbáru og hinn skaðabótaskyldi aðili. Þá sé 99. gr. umferðarlaga sérregla sem gildi sem slík umfram almenna reglu váttryggingarsamningalaga. Krafan hafi hvernig sem á málið sé litið verið fyrnd þegar tilkynning samkvæmt 51. gr. váttryggingarsamningalaga var send og hvergi í lögum sé gert ráð fyrir að fyrnd krafa geti verið endurvakin án beinnar yfirlýsingar skuldara þar að lútandi.
18. Stefndu vísa til þess að í stefnu sé á því byggt að málsástæða stefndu um fyrningu sé of seint fram komin. Hvað þetta varðar benda stefndu á að samkvæmt ofangreindu hafi krafan verið fyrnd áður en stefnandi fór fram á endurupptöku málsins 10. ágúst 2016. Samskipti eftir þann tíma hafa engin áhrif á fyrningu kröfunnar enda hvergi í þeim að finna yfirlýsingu um að stefndu muni greiða fyrnda kröfu. Tilvísan stefnanda til 101. gr. einkamálalaga og 2. mgr. 9. gr. og 31. gr. laga um váttryggingarsamninga telja stefndu ekki eiga við. Þannig fjalli 101. gr. einkamálalaga um nýjar málsástæður sem færðar séu fram undir rekstri einkamáls en leggi ekki skyldu á aðila til að upplýsa gagnaðila um allar mögulegar varnir áður en mál er höfðað. Málsástæður er varða fyrningu komi ekki til skoðunar undir rekstri matsmála og engin réttarregla leiðir til þeirrar niðurstöðu að matsþoli verði undir rekstri slíks máls með tæmandi hætti að lýsa því hvaða varnir hann hyggist bera fyrir sig leiði matsmálið til þess að einkamál verði höfðað gegn honum. Hvað varði tilvísanirnar til 2. mgr. 9. gr. og 31. gr. laga um váttryggingasamninga byggja stefndu á að viðkomandi lagaákvæði takmarki ekki rétt stefndu til að bera fyrir sig fyrningu í þessu máli enda fyrningarreglur ekki hluti IV. kafla laganna. Auk þessa sé, sem áður segir, sérstaklega tekið fram í 4. mgr. 44. gr. laganna að váttryggingafélag geti í ábyrgðartryggingum haft uppi allar sömu mótbáru gegn kröfu tjónþola og hinn váttryggði. Váttryggði sé aftur að sjálfsögðu ekki með nokkrum hætti bundinn af ákvæðum laga um váttryggingasamninga í mótbárum sínum við skaðabótakröfu stefnanda í máli þessu enda byggja krafa á hendur honum ekki á slíkum samningi.
19. Þá vísa stefndu til þess að matsgerð þeirra E og F sem stefnandi byggja kröfur sínar á hafi legið fyrir 15. október 2017. Þar sé sérstök afstaða tekin til batahvarfa og hafi þá fyrst orðið ljóst hver upphafsdagur fyrningar væri. Það felst því ekki tómlæti í að hafa ekki hafnað kröfunni á þeim grundvelli fyrr. Með bréfi

stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., 29. nóvember 2016 hafi því verið lýst yfir að hið stefnda félag myndi ekki bera fyrir sig fyrningu áramótin 2016/2017. Yfirlýsing þessi hafi verið gefin að beiðni stefnanda og bundin tveimur veigamiklum fyrirvörum. Annarsvegar að málið yrði gert upp á næsta ári eftir að yfirlýsingin var gefin og hinsvegar að krafan væri ekki þegar fyrnd er yfirlýsingin var gefin. Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., hafi gefið út samskonar yfirlýsingar 12. desember 2017 og 11. desember 2018. Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hafi áskilið sér allt frá 29. nóvember 2016 rétt til að bera fyrir sig fyrningu við fyrra tímamark en áramótin 2016/2017 og ítrekað þá afstöðu sína í tvígang. Því fari fjarri að það geti komið stefnanda á óvart nú að stefndu beri fyrningu fyrir sig. Sú málsástæða stefndu að krafan hafi fyrnst áramótin 2014/2015 eða 2015/2016 geti ekki talist vera of seint fram komin þar sem hún hafi falist berum orðum í yfirlýsingu stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf. frá 29. nóvember 2016 og verið ítrekuð í tvígang frá þeim tíma og fram að útgáfudegi stefnu.

20. Stefndu leggja áherslu á að meginreglan sé sú að skaðabætur séu gerðar upp í einu lagi með fullnaðaruppgjöri. Frá þessu sé lögbundin undantekning sem felst í 11. gr. skaðabótalaga. Tjónvaldar og vátryggingafélög hafi af því verulega hagsmuni að eiga ekki yfir höfði sér um ókomna tíð að tjónþoli geti bætt við kröfur sínar þrátt fyrir að hafa undirritað fullnaðaruppgjör. Liggi þar að baki sömu sjónarmið og að baki sömu reglu í almennum fjármunarétti. Því sé sjálfsagt að gerð sé krafa um að sé tjónþoli ósáttur við mat á líkamlegum og fjárhagslegum afleiðingum slyss fari hann án tafar fram á yfirmat eða áskilji sér í öllu falli með rökstuddum og skýrum hætti rétt til frekari bóta vegna tiltekinna atriða.
21. Stefndu vísa um túlkun sína á fyrirvara stefnanda til dóma Hæstaréttar í málum 391/2015 og 576/2013 og dóms Landsréttar í máli nr. 533/2018. Þeir telja niðurstöðu þessara dóma sýna að almennir fyrirvarar sem ekki hafa skírskotun til tiltekinna atriða varðandi forsendur uppgjörs skaðabóta geti ekki falið annað í sér en að tjónþoli áskilji sér rétt til að krefjast frekari bóta ef síðar verða ófyrirséðar breytingar á heilsufari hans sem valda því að varanlegar afleiðingar slyss verði taldar meiri en lagt var til grundvallar við uppgjörið. Stefndu vísa til þess að stefnandi hafi kosið að orða spurningu sína til matsmanna á þann veg að eingöngu hafi verið spurt hvort síðari breytingar hefðu orðið á heilsufari stefnanda en ekki hvort þær hafi verið ófyrirséðar. Ekki hafi heldur verið spurt hvenær umrædd versnun hafi átt sér stað né hvort fyrri matsgerð hafi verið röng. Þá hafi stefnandi ekki leitað álits fyrri matsmanna á því hvort þeir hafi tekið umrædda þróun einkenna stefnanda til skoðunar er þeir sömdu matsgerð sína en þeir hljóti að vera betur til þess fallnir að svara þeirri spurningu en síðari matsmennirnir.
22. Stefndu vísa til þess að í viðbótarmatsgerðinni komi fram að ástand stefnanda hafi verið hægt versnandi allt frá slysdegi. Stefndi hafi haldið áfram líkamlega erfiðri vinnu eftir slysið og með hækkandi aldri hafi þetta orðið sífellt erfiðara uns hann hafi gefist upp. Orsök uppgjafarinnar sé sögð vera hægt versnandi líðan en hvorki sérstakur atburður né nýr áverki. Þrátt fyrir þetta sé það niðurstaða matsmanna að versnun einkenna stefnanda hafi ekki verið fyrirséð í fyrri matsgerð. Fram komi að matsmenn telji að fyrri matsmenn hafi gengið út frá því að með þjálfun ætti að vera hægt að ná tókum á einkennum stefnanda og að eftir það yrðu þau stöðug. Stefndu telja ofangreinda niðurstöðu í hrópandi mótsögn við forsendur fyrri matsgerðar. Þannig komi fram í fyrri matsgerð að stefnandi hafi tjáð matsmönnum á matsfundi að frekari sjúkrapjálfun væri ekki ráðgerð. Þá sé það forsenda niðurstöðu fyrra matsins að þrátt fyrir að stefnandi hafi haldið óskertum tekjum eftir slysið og fram að framkvæmd mats muni þau einkenni, sem eru grundvöllur miskamats, í framtíðinni valda því að stefnandi muni þurfa að slá af í störfum sínum. Þannig hafi vissulega verið gert ráð fyrir að einkenni stefnanda myndu versna eða hafa aukin áhrif eftir því sem fram í sækti.
23. Stefndu telja að til þess að unnt sé að tala um breytingar á ástandi í þeim skilningi sem verði að leggja í fyrirvara stefnanda þurfa ný einkenni að vera metin til miska eða þau einkenni sem metin voru að versna með ófyrirsjáanlegum hætti. Þessu sé einfaldlega ekki til að dreifa í þessu máli. Í þessu sambandi leggja

stefndu áherslu á að versnun þurfi að vera ófyrirsjáanleg en ekki sé nægjanlegt að fyrirséð versnun valdi meiri erfiðleikum en gert hafi verið ráð fyrir eins og raunin virðist í þessu tilviki. Fyrri matsmenn hafi gert ráð fyrir versnun einkenna stefnanda og metið miska og örorku með hliðsjón af því. Síðari matsmenn komist hinsvegar að þeirri niðurstöðu að hin fyrirséða versnun eigi að teljast til fleiri miskastiga og meiri miska en gert var í fyrri matsgerðinni. Til viðbótar áréttastefndu að sú niðurstaða síðari matsmannanna að leiðniverkur fram í útlími sé til komin eftir framkvæmd fyrra mats sé röng enda sé fjallað um þessa verki í vottorði frá 8. júlí 2010 sem hafi legið fyrir við framkvæmd fyrra matsins. Því sé ekki um ný einkenni að ræða. Stefndu telja að ljóst sé að stefnandi telji fyrri matsgerð vera ranga. Málalíbúnaður hans gangi útá að ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til þess í matsgerðinni hve þungbær og slæm einkennin yrðu að teknu tilliti til þeirrar þróunar sem matsmenn lýstu sem líklegri í matsgerð sinni. Fyrirvari stefnanda taki hinsvegar ekki til rangrar matsgerðar heldur eingöngu til ófyrirsjáanlegra breytinga.

24. Stefndu telja ljóst að verði ekki fallist á að skilyrði fyrirvara stefnanda sé fullnægt verði enn síður fallist á að skilyrðum 11. gr. skaðabótalaga sé fullnægt. Ekki hafi verið sannað að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu stefnanda. Til viðbótar verði að benda á að dómur Hæstaréttar beri með sér að versnun sem nemi 3 stiga miska og 5% örorku teljist ekki veruleg í skilningi 11. gr. Þá byggja stefndu á því að stefnandi hafi ekki sannað að versnandi heilsa hans sé afleiðing af slysinu [...] 2009 frekar en öldrunar eða þátta sem voru til staðar fyrir slysið. Í viðbótarmatsgerð komi fram að það sé álit matsmanna að sá áverki sem matsbeiðandi hlaut í slysinu í [...] 2009 hafi hægt og sígandi farið versnandi allt frá slysdegi. Hinsvegar sé ekki litið til þess hvorki í matsgerð né viðbótarmatsgerð að lækisfræðileg gögn beri með sér að stefnandi hafi þurft að nota bólgueyðandi lyf og verkjalyf vegna verkja í baki og hálsi fyrir slys. Sú hægfara þróun sem matsmenn lýsa virðist því að mati stefndu hafa hafist fyrir slys og því séu allar líkur á að þarna sé um að ræða þróun sem sé óháð slysinu. Loks krefjast stefndu þess til vara, verði ekki fallist á það með þeim að versnun einkenna stefnanda eigi að öllu rætur að rekja til öldrunar og afleiðinga fyrra slyss stefnanda og annarra þátta sem voru til staðar fyrir slys, að kröfur stefnanda sæti lækun á þeim grundvelli að versnun einkenna eigi að minnsta kosti að hluta rætur að rekja til þessa.

Niðurstaða

25. Óumdeilt er að stefnandi slasaðist í umferðarslysi [...] 2009. Matsmenn sem aðilar kölluðu til samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 komust að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski stefnanda vegna slyssins væri 7 stig og varanleg örorka 10%. Tjónið var gert upp úr ábyrgðartryggingu ökutækisins [...] hjá stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., 17. maí 2011 með fyrirvara um varanlegar afleiðingar slyssins. Að mati dómsins sýna fyrirliggjandi gögn, þar með talið fyrrgreindar matsgerðir E og F, að á næstu árum eftir að framangreind matsgerð lá fyrir héldu líkamleg einkenni stefnanda áfram að versna svo ljóst varð að afleiðingar slyssins fyrir stefnanda voru meiri en þær sem voru komnar fram þegar það mat sem uppgjör byggðist á var unnið árið 2011. Stefnandi varð á endanum óvinnufær til erfiðisvinnu og hefur verið á endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun. Árið 2017 óskaði stefnandi eftir því að dómkvaddir yrðu tveir matsmenn til þess að endurmeta afleiðingar slyssins og í matsgerð 15. október 2017 komust matsmennirnir að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga vegna slyssins væri nú hæfilega metinn 10 stig og varanleg örorka samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga væri 15%. Jafnframt verður að skilja niðurstöðu matsmannanna þannig að breytingar þær sem orðið hefðu á heilsu stefnanda og leiddu til þess að miskastig og örorkustig væri hærra en talið var í hinu sameiginlega mati sem varð grundvöllur uppgjorsins 2011 hefðu þá verið ófyrirsjáanlegar. Stefnandi sendi stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf. bótakröfu 9. nóvember 2017 vegna þeirrar hækkunar sem metin hafði verið vegna slyssins, þ.e. 3 stiga miska og 5% varanlegrar örorku. Eins og áður greinir hefur stefndi hafnað greiðslu frekari bóta.
26. Dómurinn telur að af fyrirliggjandi gögnum verði ekki annað ráðið en að orsakasamband sé milli slyss stefnanda [...] 2009 og þeirrar versnunar einkenna sem greind er í matsgerð 15. október 2017. Þannig er í

seinni matsgerðinni frá 5. desember 2018 tekið fram að matsmenn telji að síðari breytingar á heilsufari matsbeiðanda séu orsök hærra mats á varanlegum miska og varanlegri örorku en gengið var út frá í matsgerðinni frá 14. mars 2011. Þá verður á grundvelli fyrirbyggjandi gagna að fallast á að afleiðingar slyssins séu mun meiri en fram kom í upphafi. Þessu til stuðnings er einnig samanburður á lýsingum einkenna í matsgerðinni frá 2011 og hins vegar í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Þannig er greind skert vinnugeta í hinni fyrri matsgerð en óvinnufærni í hinni síðari. Hér kemur því fram greinileg versnun sem er meiri en C og D reiknuðu með. Þá verður fyrirvari sá um varanlegar afleiðingar slyss sem stefnandi gerði við uppgjör úr ábyrgðartryggingu hjá stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., 17. maí 2011 ekki skilinn öðruvísi en svo að stefnandi hafi áskilið sér rétt til að krefjast þess að ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska og varanlega örorku yrði tekin upp að nýju ef ófyrirsjáanlegar breytingar yrðu á heilsu hans þannig að ætla mætti að miskastig eða örorkustig væri hærra en talið var í hinu sameiginlega mati sem varð grundvöllur uppgjorsins 2011. Fyrirvarinn er þannig að mati dómsins efnislega nánast sá sami og hinn lögbundni fyrirvari sem 11. gr. skaðabótalaga áskilur tjónþolum. Í ljósi dómaframkvæmdar er ljóst að í tilviki stefnanda eru þær ófyrirsjáanlegu breytingar sem urðu á heilsu hans á árunum 2011 til 2015 ekki svo verulegar að skilyrðum hins lögbundna fyrirvara 11. gr. skaðabótalaga sé fullnægt. Dómurinn lítur hins vegar svo á að með hinum samningsbundna fyrirvara sem stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., féllst á að stefnandi mætti gera, hafi verið áskilið að stefnandi þyrfti ekki að sæta því að slík endurupptaka væri háð því að ófyrirsjáanlegar breytingar leiddu til þess að miskastig eða örorkustig yrði verulega hærra en áður var talið. Því átti stefnandi eins og hér stóð á rétt á því að fá ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska og örorku tekna upp að nýju.

27. Meginrök stefndu til grundvallar sýknukröfu þeirra eru að krafa stefnanda sé fyrnd. Í því sambandi vísa stefndu til þess að í mati dómkvaddra matsmanna 2017 hafi batahvörf verið miðuð við [...] 2010 eins og í sameiginlega matinu 2011. Fjögurra ára fyrningarfrestur kröfunnar hafi því hafist í lok þess árs. Hún hafi því verið fyrnd 1. janúar 2015. Dómurinn fellst ekki á þennan máltilbúnað. Þannig er helsti tilgangur 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og samningsbundinna fyrirvara við bótauppgjör eins og þess sem stefnandi gerði, að mati dómsins, að sjá við þeim tilvikum þegar frekari og ófyrirséðar afleiðingar slyss koma fram eftir batahvörf. Við þær aðstæður getur tjónþoli þannig fengið fyrri bótaákvörðun tekna upp og frekari bætur greiddar með hliðsjón af þeim varanlegu afleiðingum slyss sem þá eru fram komnar. Fjárfrafa stefnanda byggir á ófyrirsjáanlegum breytingum á heilsu hans sem komu í ljós eftir að honum voru greiddar bætur 2011. Stefndu hafa hvorki gert ágreining um umfang varanlegrar örorku eða varanlegs miska stefnanda né um útreikning og fjárhæð bóta. Þá eru engin efni til að fallast á þann máltilbúnað þeirra að aukin örorka stefnanda stafi af einhverju öðru en slysi því sem stefndu eru ábyrgir fyrir gagnvart stefnanda. Að virtum máltilbúnaði stefnanda og með vísan til framangreinds verður að hafna því að fyrningarfrestur fjárkröfu hans vegna aukinna afleiðinga slyssins hefjist við batahvörf eins og þau voru tilgreind í fyrirbyggjandi matsgerðum.
28. Dómurinn telur að líta verði svo á með vísan til niðurstöðu Hæstaréttar í málinu nr. 598 frá 2017 að réttur stefnanda til bóta fyrnist á tíu árum frá slysdegi samkvæmt 99. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Fjárfrafan sem byggist á þessum rétti fyrnist samkvæmt sömu lagagrein á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs þegar tjónþoli fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Þegar ljóst er að réttilega metnar bætur eiga að vera hærri en þær sem áður höfðu verið greiddar verði samkvæmt þessu að áskilja tjónþola sambærilegt ráðrúm til þess að krefjast fullnustu viðbótarfjárhæðarinnar á nýjum fjögurra ára fyrningarfresti.
29. Stefnandi fékk staðfestingu þess að varanlegar afleiðingar slyssins fyrir hann væru meiri en áður var talið með matsgerð dómkvaddra matsmanna 15. október 2017. Frá lokum þess almanaksárs hafði hann fjögur ár til að krefjast bóta. Hann höfðaði málið með birtingu stefnu 2. desember 2019, áður en liðin voru 10 ár frá því að réttur hans til bóta úr hendi tjónvalds eða tryggingarfélags hans stofnaðist. Það var jafnframt

innan sjálfstæðs fyrningarfrests þeirrar fjárkröfu sem sett hefur verið fram vegna aukinna varanlegra afleiðinga slyssins. Fjárfrafa hans á hendur stefndu var því ekki fyrnd þegar málið var höfðað. Dómurinn telur þó að krafa stefnanda um vexti sem voru eldri en fjögurra ára er málið var höfðað sé fyrnd. Verður því á þessum grundvelli fallist á kröfu stefnanda og stefndu gert að greiða málskostnað eins og greinir í dómsorði. Gjafsóknarkostnaður og þóknun lögmanns stefnanda þykir hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði. Af hálfu stefnanda flutti málið Erling Daði Emilsson lögmaður en af hálfu stefndu Heiðar Örn Stefánsson lögmaður. Málið dæmdu héraðsdómararnir Ástráður Haraldsson og Ásgerður Ragnarsdóttir og Bogi Jónsson bæklunarskurðlæknir.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf. og A, greiði stefnanda, B, 2.314.880 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 2. desember 2015 til 9. desember 2017 en dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Stefndu greiði 3.800.000 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði þar með talin þóknun lögmanns hans, Óðins Elíssonar, 2.500.000 krónur.